

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Birni Val Gíslasyni um flutning stofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er fyrirhugað að flytja höfuðstöðvar eða starfsstöðvar einhverra þeirra stofnana sem undir ráðherra heyra? Ef svo er, óskast greint frá því hvaða starfsemi á i hlut og hvaðan og hvert starfsemin verður flutt.

Undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heyra Byggðastofnun, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matís og Matvælastofnun. Höfuðstöðvar Byggðastofnunar eru á Sauðárkróki og Matvælastofnunar á Selfossi. Ráðherra hefur kynnt áform um flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar.

Allar stofnanirnar eru með starfsstöðvar utan höfuðstöðva. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a. að mikilvægt sé að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, m.a. með dreifingu opinberra starfa. Ráðherra hefur því lagt á það áherslu við forstöðumenn umræddra stofnana að leitast við að verja dreifða starfsemi og efla starfsstöðvar með það að markmiði að auka framboð opinberra sérfræðistarfa á landsbyggðinni.